

**Breytingartillaga frá Gísla Tryggvasyni,
Péttri Gunnlaugssyni og Þorvaldi Gylfasyni**

við 14. grein B-nefndar um staðfestingu laga/málskotsrétt

Önnur málsgrein orðist svo:

Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps, **sem Alþingi hefur samþykkt**, að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en bera skal löginn innan þriggja mánaða undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. **Forseti Íslands getur einnig ákveðið innan viku frá afgreiðslu frumvarps, sem Alþingi hefur hafnað, að bera frumvarpið undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis.** Ræður einfaldur meirihluti hvort löginn, **sem Alþingi samþykkti**, halda gildi sínu **eða frumvarpið, sem Alþingi synjaði, öðlast lagagildi.** Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram ef Alþingi fellir löginn áður úr gildi **eða dregur frumvarpið til baka.** Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum.

24. júní 2011